

Ár 1995, miðvikudaginn 5. apríl, var í málinu nr. 11/1994 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi 2. ágúst 1994 kærir Þorsteinn Haraldsson, löggiltur endurskoðandi, f.h. Minjaverndar, sjálfseignarstofnunar, kt. 700485-0139, úrskurð Skráningardeildar fasteigna í Reykjavík varðandi álagningu sérstaks fasteignaskatts 1994 vegna fasteignanna Bankastræti 2 og Amtmannsstíg 1 í Reykjavík. Í bréfi kæranda segir m.a.:

"Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 90/1990, sbr. 10. gr. laga nr. 124/1993, kemur fram að: "Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981...". Minjavernd er undanþegin skattskyldu samkvæmt ákvæðum í I. kafla laga nr. 75/1981. Starfsemi Minjaverndar er fólgin í endurbyggingu og varðveislu gamalla húsa og mannvirkja um land allt. Öllum hagnaði af starfseminni er ráðstafað til minjaverndar, engin félagasamtök eða einstaklingar njóta hans. Í stofnskrá er ákvæði um að eignir skuli renna til Þjóðminjasafns verði starfsemi hætt. Minjavernd hefur jöfnum höndum sinnt viðfangsefnum í þéttbýli og strjálbýli, hagnaðarsjónarmið eru ekki ráðandi um verkefnaval. Fyrirtækið ver öllum hagnaði sínum til almannaheilla og hefur ekki önnur markmið. Undanþágu þess frá tekju- og eignarskatti, og þá um leið sérstökum fasteignaskatti, er að finna í 5. tl. 4. gr. laga nr. 75/1981.

Þá þykir rétt til að nefna tvö atriði til viðbótar. Auk þess sem fyrr er rakið stendur í áður tilvitnuðu bráðabirgðaákvæði: "Skattskyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni." Vegna þessa er rétt að taka fram að þau ár sem fyrri lög um sama efni hafa gilt hefur Minjavernd aldrei verið gert að greiða "sérstakan skatt". Í öðru lagi þá er Minjavernd ekki eigandi þeirra húsa sem skattlögð eru. Eigandi húsanna er ríkissjóður. Minjavernd hefur afnot húsanna og arð til (langs) tíma vegna þess að fyrirtækið og forveri þess (Torfusamtökin) hafa kostað endurreisn og viðhald þeirra."

Með bréfi til Borgarstjórans í Reykjavík, dags. 8. september 1994 var óskað umsagnar borgaryfirvalda um framangreinda kæru. Umsögn borgarlögmanns til Yfirfasteignamatsnefndar er dags. 21. september 1994.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 10. gr. laga nr. 124/1993, segir m.a.:

"Sérstakan fasteignaskatt, sem nema skal 1.25% að hámarki af álagningarstofni, er heimilt að leggja á fasteignir sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða. Skattskylda samkvæmt þessu ákvæði hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða lögum nr. 65/1982 um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum. Skattskyldan nær til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni."

Með bréfi, dags. 2. des. 1994, óskaði Yfirfasteignamatnefnd eftir upplýsingum ríkisskattstjóra um skattskyldu kæranda samkv. I. kafla laga nr. 75/1981 og um skattlagningu hans á grundvelli ákvæða laga nr. 111/1992 um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Í bréfi hans til nefndarinnar dags. 27. mars 1995 segir:

"Af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum verður ekki annað ráðið en að sjálfseignarstofnunin Minjavernd starfi alfarið að málefnum er horfa til almenningsheilla og ráðstafi tekjum sínum til slíkra málefna. Telst stofnunin því undanþegin tekjuskatti og eignarskatti á grundvelli 5. töluliðar 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt."


Samkvæmt framangreindu bréfi Ríkisskattstjóra telst kærandi ekki skattskyldur samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt. Þar af leiðir að kærandi er ekki skattskyldur samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 90/1990, sbr. 10. gr. laga nr. 124/1993, um tekjustofna sveitarfélaga. Þegar af þeirri ástæðu ber kæranda ekki að greiða sérstakan fasteignaskatt af fasteignunum Bankastræti 2 og Amtmannsstíg 1 í Reykjavík.

ÚRSKURÐARORÐ


Sjálfseignarstofnuninni Minjavernd ber ekki að greiða sérstakan fasteignaskatt af fasteignunum Bankastræti 2 og Amtmannsstíg 1 í Reykjavík.



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon



Guðný Björnsdóttir